

Föstudaginn 15. maí 1987.

Nr. 201/1986.

Hörður Falsson

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

**Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur
og nágrennis**

Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga

á Suðurnesjum og

(Garðar Garðarsson hrl)

Sigurmar K. Albertssyni skiptastjóra og

Jóni Eysteinsyni skiptaráðanda í

Keflavík f.h. þrotabús Heimis hf.

Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Aðilaskipti að kröfu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Guðmundur Kristjánsson fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 96. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, hinn 11. júní 1986. Hann gerir þær dómkröfur að viðurkenndur verði forgangsréttur fyrir kröfu hans að fjárhæð 1.469.586,18 krónur í þrotabú Heimis hf. í Keflavík. Þá krefst áfrýjandi þess, að stefndu Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurnesjum verði óskipt dæmdir til að greiða honum málskostnað.

Stefndu Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurnesjum krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara að úrskurðurinn verði staðfestur. Þá krefjast þessir aðilar málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu hefur ekki verið sótt þing og engar kröfur gerðar af þeirra hálfu.

Krafan um að hinum áfrýjaða úrskurði verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar er rökstudd með því, að meðferð kröfu áfrýjanda hjá skiptastjóra þrotabúsins hafi ekki verið lögum samkvæm. Fram er komið, að kröfunni var lýst og hún sett á skrá yfir kröfur, sem lýst var í búið. Fjárhæðin var þá hærri en krafan, sem nú er gerð, og er það skýrt í hinum áfrýjaða úrskurði. Þegar þessi skrá var gerð, fór bústjóri til bráðabirgða með búið. Gat hann þess, að hann teldi að hafna ætti kröfunni að svo stöddu. Fór um þessa málsmeðferð eftir 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Á skiptafundi 10. október 1985 var bókað, að fallið væri frá mótmælum við heildarfjárhæð kröfunnar og mótmælum gegn því, að áfrýjandi hefði greitt kröfuna, en lögmaður sá, sem í hlut átti, mótmælti því aftur á móti, að krafan kæmist að við úthlutun úr búinu. Skiptastjóri, sem þá hafði verið kosinn, lýsti því yfir, að hann tæki ekki afstöðu til ágreiningsins, og var þá ákveðið, að um hann skyldi rekið sérstakt skiptaréttarmál, þ.e. það mál, sem nú er hér fyrir dómi. Er talið af hálfu hins stefnda verkalýðsfélags og hins stefnda lífeyrissjóðs, að skiptastjóranum hafi borið að taka afstöðu til ágreiningsins um kröfu áfrýjanda, og varði það heimvísun hins áfrýjaða úrskurðar, að slíkur úrskurður hans lá ekki fyrir, áður en til skiptaréttarmálsins var stofnað. Á þessa röksemd verður ekki fallist. Eftir 16. kafla gjaldþrotalaga er þeim, sem fer með bú, skylt að láta athugasemdir sínar fylgja kröfuskra um það, hvort kröfu á að hans álit að viðurkenna. Honum er ekki lögð sú skylda á herðar að taka afstöðu til ágreinings, sem síðar kemur upp um lýstar kröfur. Var skiptastjóra því heimilt að víkja slíkum ágreiningi til skiptaréttar til úrskurðar, svo sem hér var. Kröfu fyrrgreindra varnaraðila hér fyrir dómi um að úrskurðinum verði vísað heim verður því hafnað.

Í fyrri málslið 87. gr. skiptalaga segir: „Við framsal eða önnur aðilaskipti að kröfu fylgja réttindi í búinu skv. 82. - 86. gr. ...“.

Upphæð sú, sem greind er í kröfu áfrýjanda, svarar til fjárhæðar, sem síðustu 18 mánuði fyrir frest dag var tekin af kaupum starfsfólks Heimis hf., sem nú er gjaldþrota. Fyrri málslið 87. gr. skiptalaga þykir mega skýra svo, að undir ákvæðið falli það að krafa er greidd. Með greiðslu sinni hefur áfrýjandi því eignast réttindi sem kaupkröfunum fylgdu. Voru þetta forgangskröfur í þrotabúið skv. 1. tölulið 84. gr. skiptalaga.

Síðari málsliður 87. gr. skiptalaga kemur ekki til álita í þessu máli, þar sem hann fjallar um réttarstöðu samskuldara bús, en áfrýjandi var ekki samskuldari þrotabús Heimis hf. að þeim kröfum, sem hann greiddi.

Samkvæmt framansögðu verður krafa áfrýjanda tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að hið stefnda félag og hinn stefndi lífeyrissjóður greiði áfrýjanda samtals 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Fyrrgreindri kröfu um heimvísun hins áfrýjaða úrskurðar er hafnað.

Viðurkennt er að áfrýjandi, Hörður Falsson, á forgangskröfurur að fjárhæð 1.469.586,18 krónur í þrotabú Heimis hf. í Keflavík.

Stefndu, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Lífeyrissjóður verkalýðsfélags á Suðurnesjum, greiði áfrýjanda óskipt 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Krafa hinna stefndu félaga um að hinum áfrýjaða úrskurði „verði vísað heim í hérað“ virðist vera reist á því að á skrá um lýstar kröfur samkvæmt 108. gr. gjaldþrotalaga hafi lýstri kröfu áfrýjanda að fjárhæð 1.802.336,00 krónur verið hafnað að svo stöddu. Hafi hún ekki síðar verið samþykkt, hvorki sem almenn krafa eða sem forgangskrafa í heild eða að hluta.

Skiptastjóri hefur að vísu ekki tekið skýra afstöðu til þess hvort viðurkenna eigi hina lýstu kröfu áfrýjanda sem kröfu í búið. En þar sem engin andmæli hafa komið fram gegn kröfunni sem almennri kröfu en skiptastjóri vikið ágreiningi um það, hvort hluti hennar skuli teljast forgangskrafa, til úrskurðar skiptaráðanda verður hinn kærði úrskurður ekki felldur úr gildi af framangreindri ástæðu.

Kröfur þær, sem áfrýjandi greiddi vegna þrotabús Heimis hf. og

um er fjallað í málinu, hefur hann ekki fengið framseldar. Hann var eigi heldur samskuldari þrotabúsins að kröfum þessum. Samkvæmt þessu hefur áfrýjandi ekki öðlast kröfu á hendur þrotabúinu sem njóti forgangsréttar við úthlutun úr þrotabúinu samkvæmt 87. gr. sbr. 84. gr. skiptalaga, sbr. 7. gr. laga nr. 32/1974 og 1. gr. laga nr. 23/1979. Tel ég því að staðfesta beri hinn áfrýjaða úrskurð, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, og að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Keflavíkur 6. janúar 1986.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi er fram fór 17. f.m. Sóknaraðili, Garðar Garðarsson hrl. f.h. Lífeyrissjóðs verkalýðsfélaganna á Suðurnesjum og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, gerir þær dómkröfur að synjað verði kröfu varnaraðila, Ragnars Aðalsteinssonar hrl. f.h. Harðar Falssonar, um að fjárkröfur hans í þrotabú Heimis hf. séu forgangskröfur skv. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979. Þá krefst hann málskostnaðar eftir gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu varnaraðila eru gerðar þær dómkröfur að viðurkenndur verði forgangsréttur fyrir kröfu hans að fjárhæð kr. 1.469.586,18 í þrotabú Heimis hf. Jafnframt er krafist málskostnaðar hans úr hendi sóknaraðila in solidum, þ.m.t. málflutningslaun skv. gjaldskrá LMFÍ. eða að mati dómsins.

Sáttatilaunir dómara báru ekki árangur.

Með úrskurði skiptaréttar Keflavíkur, uppkevðnum 20. maí sl., var bú Heimis hf., nnr. 3868-1680, Keflavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Var gefin út innköllun í búíð og lauk kröfulýsingarfresti 14. ágúst sl. Þann dag barst skiptaráðanda skeyti frá lögmanni varnaraðila, þar sem hann lýsir sem forgangskröfur í þrotabúíð kr. 1.802.435,68 auk vaxta og lögmannspóknunar. Í skeytinu segir síðan: „Nánar í bréfi.“

Í bréfi, sem Sigurmar Albertsson hdl., er ráðinn hafði verið bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða, til lögmanns varnaraðila dags. 27. s.m., segir að hann hafi á skrá yfir lýstar kröfur í búíð tekið þá afstöðu til framangreindrar kröfu að henni beri að hafna að svo stöddu, þar sem kröfulýsingunni fylgdu eigi nægileg gögn. Í bréfinu var þess og getið að kæmu andmæli ekki fram gegn afstöðu þessari í síðasta lagi á skiptafundi sem haldinn yrði 10. september 1985 mætti búast við að hún yrði lögð til grundvallar við úthlutun úr búinu.

Á nefndum skiptafundi afhenti lögmaður varnaraðila skiptastjóra gögn varðandi framangreinda kröfu og tók hann sér frest til athugunar á þeim. Í þeim kemur fram að varnaraðili hafi greitt framangreinda fjárhæð af eigin

fé í þágu Heimis hf. v/starfsmanna félagsins. Sé hér um að ræða fé sem haldið hefði verið eftir af launum starfsmanna og ekki skilað í tæka tíð.

Í bréfi, dags. 17. september sl., til lögmanns varnaraðila, segir skiptastjóri að af ýmsum gögnum er fylgt hafi kröfulýsingu lögmannsins, sé ljóst að ýmsir liðir falli utan 84. gr. skiptalaga, sbr. 5. og 1. tl. greinar þessarar. Fer hann þess á leit við lögmanninn að greina á milli fjárhæða í almennar kröfur og í forgangskröfur með tilvísun til fylgiskjala og senda honum síðan kröfugerðina þannig sundurliðaða.

Á skiptafundi 1. október sl. lagði lögmaðurinn fram viðbótargögn, þar sem fram kemur umbeðin sundurliðun kröfunnar. Er hún svohljóðandi:

„Heimir hf. - Launaaftektir greiddar af Herði Falssyni.

	<i>Gjaldf. innan</i>	
	<i>Heildar-</i>	<i>18 mán.</i>
	<i>krafa.</i>	<i>frá skuh.</i>
1. Landsb. Ísl. veðdeild skyldusp. . .	97.800,00	97.800,00
2. Lífeyrissjóður Vörubifreiðastjóra .	1.278,00	0
3. Lífslj. Verkal.fél. á Suðurnesjum	479.184,00	269.368,00
4. Lífeyrissjóður Verslunarmanna . .	5.213,00	5.213,00
5. Lífeyrissjóður Verkstjóra	29.464,00	18.172,00
6. Lífeyrissjóður Nótar	9.121,00	9.121,00
7. Verkal.og sjómannafél.Keflavíkur	251.691,68	154.833,18
8. Verlsunarmannafélag Suðurnesja .	11.123,00	7.768,00
9. Verkstjórafélag Suðurnesja	14.494,00	4.344,00
10. Sveinafélag Nótar	3.915,00	3.915,00
11. Bæjarsjóður Keflavíkur	89.042,00	89.042,00
12. Bæjarfógetinn í Keflavík	351.570,00	351.570,00
13. Bæjarfógetinn í Keflavík	111.486,00	111.486,00
14. Eyrarbakkaheppur	10.477,00	10.477,00
15. Bæjarsjóður Keflav.útsvör skipv.	44.814,00	44.814,00
16. Miðneshreppur útsvar	85.718,00	85.718,00
17. Matsveinafélag S.S.Í.	5.771,00	5.771,00
18. Ýmsar skilagreinar	200.174,00	200.174,00
	<u>1.802.335,68</u>	<u>1.469.586,18</u> “

Töluliður 18 sundurliðast þannig: Félagsgjöld starfsmanna kr. 22.400,00 til hinna ýmsu félaga, Gjaldheimtan í Reykjavík v/op.b. gjalda starfsmanns kr. 120.000,00 og Innheimtustofnun sveitarfélaga kr. 57.774,00.

Lögmaður sóknaraðila mótælti því upphaflega að umrædd krafa yrði

tekin til greina við úthlutun úr búinu en mótmælir nú einungis kröfunni um forgang svo sem áður er fram komið.

Í greinargerð sinni segir lögmaður sóknaraðila að þeir telji að forgangskrafa í þrotabúið hefði einungis fylgt hluta af þeim kröfum er varnaraðili greiddi og geti hann að þessu leyti ekki öðlast rikari rétt á hendur búinu en þessir kröfuhafar hefðu átt. Þá sé enn fremur byggt á því, að til þess að varnaraðili geti öðlast þann forgangs-(rétt) sem kröfuhafar eigi í búið, þá verði hann að fá framsal þessara aðila á kröfum sínum. Því sé hér ekki fyrir að fara og einhliða greiðsla varnaraðila sé ekki framsal á kröfu. Samþykki eða bein framsalsyfirlýsing kröfuhafa verði að liggja fyrir.

Af hálfu varnaraðila er greint frá því, að hann hafi ákveðið að leysa framanlýsta skuld félagsins til sín, svo að fyrrum starfsmenn yrðu fyrir sem minnstum skakkaföllum af því, að fénu hafði ekki verið skilað þegar það bar að gera. Ekki sé um það ágreiningur að hann hafi greitt umræddar fjárhæðir. Af kr. 1.802.335,68 hafi kr. 1.469.586,16 reynst vera með gjalddögum síðustu 18. mánuðina fyrir gjaldþrotið og því með forgangsrétti í búinu skv. 84. gr. skipalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, enda allar þess háttar kröfur sem upp eru taldar í nefndri lagagrein. Sóknaraðilar hafi viðurkennt kröfuna tölulega svo og að um forgangskröfu skv. 84. gr. væri að ræða að því er varðar greindar kr. 1.469.586,18 ef kröfurnar hefðu verið í hendi upphafegra kröfuhafa. Þessu síðarnefnda hefur sóknaraðili mótmælt.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að þar sem hann hafi leyst til sín greindar forgangskröfur, þá hafi öll tilheyrandi réttindi fylgt með. Það sé viðurkennd almenn regla íslensks réttar að sá sem leysir til sín kröfur á hendur þriðja manni eignist allan þann rétt er fylgir kröfunni, svo sem tryggingarréttindi. Ekki þurfi neins konar samþykki frá skuldareiganda, enda má honum vera sama hver greiðir honum, sé um peningakröfu að ræða. Til vara heldur hann því fram að það sé a.m.k. viðurkennd íslensks réttar að sá sem leysir til sín kröfu í því skyni að gæta lögvarðra hagsmuna sinna eignist öll réttindi sem kröfunni fylgja. Sé um kröfur á hendur búi að ræða, þá gildi 87. gr. áðurnefndra laga og hafi varnaraðili fengið sjálfkrafa framsal með greiðslu sinni. Ekki þurfi neinn skriflegan gerning og kröfuhöfum mundi hafa verið óheimilt að neita að veita greiðslum viðtöku.

Í greinargerð og málflutningi sóknaraðila fellur hann frá mótmælum sínum við kröfu varnaraðila almennt í þrotabúið. Verður þetta ekki skilið á annan veg en þann að hann fallist á að aðilaskipti á umræddum kröfum hafi átt sér stað. Telst því ekki lengur vera ágreiningur með aðilum hvað þetta varðar.

Sóknaraðili heldur því fram að forgangsréttur hafi einungis fylgt hluta af þeim kröfum er varnaraðili greiddi og eigi það við um kröfur í aftari

dálki undir liðum 2 til 10, 17 og hugsanlega að hluta til 18. lið. Kröfur undir öðrum liðum njóti alls ekki forgangs skv. 84. gr. skiptalaga.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að krafa hans njóti forgangs sem launakrafa, þar sem hér sé í öllum tilvikum hluti af launum starfsmanna Heimis hf. sem haldið hafi verið eftir.

Ekki verður á þessa skoðun varnaraðila fallist. Kröfueigendur samkv. framangreindri sundurliðun varnaraðila eru í öllum tilvikum þargreindir móttakendur greiðslanna en ekki launþegarnir, þ.e. fyrrv. starfsmenn Heimis hf. Í 84. gr. skiptalaga er tæmandi upptalning á því hvaða kröfur njóta forgangs og er vangreiðsla almennra félagsgjalda eins og um er að ræða hér skv. gögnum málsins, opinberra gjalda og barnsmeðlaga ekki í þeirri upptalningu.

Í greinargerðum beggja aðila segir að skiptastjóri þrotabúsins hafi fyrir sitt leyti samþykkt eða viðurkennt kröfur varnaraðila og ennfremur segir í greinargerð varnaraðila, að skiptastjórinn hafi viðurkennt forgangsrétt umræddra kr. 1.469.586,18. Ekki er að finna nein ummæli í þessa átt í framlögðu endurriti af þinghöldum gjaldþrotamáls Heimis hf. og verður því ekkert á þessari fullyrðingu byggt.

Skv. því, sem nú hefur verið rakið, telst rétt með vísan til 3. tl. 84. gr. skiptalaga að viðurkenna forgangsrétt varnaraðila á kröfu sinni í þrotabú Heimis hf. fyrir kr. 301.894,00 þ.e. fyrir þeim upphæðum, er fram koma í aftari dálki 3-6. tl. í framannefndum launaaftektum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkenndur er forgangsréttur á kröfu Harðar Falssonar fyrir kr. 301.874,00 í þrotabú Heimis hf., Keflavík.

Málskostnaður fellur niður.